

## Skýrsla til sveitarsjórnar frá sveitarstjóra, skrifstofu og stofnunum sveitarfélagsins

### September 2016

Markmiðið með samantekt þessari er að efla upplýsingaflæði milli stofnana sveitarfélagsins, til sveitarstjórnar og til íbúa. Sveitarstjóri, forstöðumenn og starfsmenn skrifstofu taka saman helstu verkefni liðins mánaðar auk þess að gera grein fyrir áætluðum verkefnum komandi mánaðar. Það er von okkar að með þessu náist að varpa meira ljósi á það sem er í gangi í sveitarfélaginu á hverjum tíma og hvað er framundan. Hver og einn starfsmaður vinnur sinn part skýrslunnar og er engu breytt, því getur formið verið breytilegt.

#### Frá sveitarstjóra – Andrea K. Jónsdóttir

Auk venjubundinna daglegra starfa voru verkefni sveitarstjóra helst þessi í september:

Septembarmánuður hefur verið erilsamur og mikið um allskonar fundi, má þar nefna fund SAH Afurða ehf með bændum í Sævangi þar sem farið var yfir stöðuna, símafundi vegna Strandabókar, fundi tengda AtVest, BsVest, Svæðisskipulagsvinnu Strandabyggðar, Reykhóla og Dala, forstöðumannafundur auk ýmissra funda tengdum innri málefnum. Haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga fór fram dagana 9. og 10. september og Fjármálaráðstefna Sambands sveitarfélaga fór fram í Reykjavík dagana 22. og 23. September. Síðustu vikuna í september var ég í fríi.

Október byrjar með stífri fjárhagsáætlunarvinnu og fundarrunu með forstöðumönnum og formönnum nefnda og mun vinna í tengslum við fjárhagsáætlun vara fram í næsta mánuð. Fundir á Ísafirði með BsVest, Byggðastofnun í tengslum við byggðaaætlun og fundur með samráðsvettvangi varðandi sóknaráætlun. Áætluð eru skil á lokaskýrslu vegna stefnumótunarvinnu sem Thorp ehf hefur verið að vinna að fyrir sveitarfélagið.

---

#### Frá leikskólastjóra – Aðalbjörg S. Sigurvaldadóttir

##### September

Tvær umsóknir bárust vegna auglýsingar um 100% starf í eldhús og ræstingar. Tengist annar umsækjandi leikskólastjóra og hefur því ákvörðun um starfið verið varpað á hendur sveitastjóra sem sér þá um ráðninguna. Hinn umsækjandi er starfsmaður leikskólans í 60 % starfi og þá þarf að auglýsa í hans starf ef ráðning fer á þann veginn.

Starfsfólk leikskólans fer á Haustþing á Sauðárkrók þann 7. okt. og hefur tekið sér á leigu bústað til gistingar.

Aðalbjörg og Hjördís fara á seinni hluta námskeiða í Reykjavík 13. og 14. okt. og öðlast þá réttindi til að taka Hljóm 2 og Tras skimanir á nemendum.

Byrjað er á viðbyggingunni við leikskólahúsið og virðist ganga vel.

Ég hef orðið vör við leiðindi og ljótt orðbragð í garð sveitastjórnar í áheyrn foreldra og nemenda leikskólans. Er það þá útaf framkvæmdum og framkvæmdaraðila viðbyggingar. Ég tel ekki við hæfi að tala svona hvort sem maður er starfsmaður eða foreldri í áheyrn nemenda.

Starfsfólk leikskólans sótti Haustþing á starfsdegi leikskólans. Þeir starfsmenn sem ekki sóttu þingið þurftu að skila inn verkefnalista og fá hann samþykktan af leikskólastjóra og gátu unnið samkvæmt honum frá 8:00 – 16:00 á haustþingsdegi.

Laugardaginn 5. nóv. verður 2klst. fyrirlestur fyrir starfsfólk og foreldra um –Kvíða ungra barna- fyrirlesarinn er Ester Ingvarsdóttir sálfræðingur. Fyrirlesturinn fer fram milli kl. 11:00- 13:00 í Hnyðju. Ákveðið var af leikskólastjóra að bjóða einnig foreldrum leikskólabarna á Drangnesi á fyrirlesturinn. Fyrirlesturinn er foreldrum að kostnaðarlausu.

---

#### Frá forstöðumanni áhaldahúss – Sigurður M Þorvaldsson

##### September

Í september hefur verið haldið áfram við þakkassa á félagsheimili og er hann nánast kominn allur upp. Þá var sett upp nýtt netkerfi í félagsheimilinu og netkerfi lagað í dreifnáminu svo vonandi var komið í veg fyrir hnökra sem hafa oft verið að plaga dreifnámið.

Einnig höfum við verið að þökuleggja á Borgarbraut og víðar, vonandi náum við að halda áfram við frágang á Borgabraut í haust.

Í lok mánaðarins hófst síðan vinna við stækkun leikskóla og sér trésmiðjan Höfði ehf um þá framkvæmd.

---

**Frá skrifstofustjóra - Salbjörg Engilbertsdóttir**

### **September**

Mánuðurinn hefur farið í að bóka og færa bókhald inn í vinnsluskjöl og líkan v. fjárhagsáætlunar. Það er alltaf smá handavinna. Ég lagði ramma að fjárhagsáætlun fram á sveitarstjórnarfundum 13. september og var starfsmaður fundarins. Ramminn miðaði við áður samþykka þriggja ár áætlun.

21.-23. september sat ég ársfund Jöfnunarsjóðs og fjármálaráðstefnu sveitarfélaga í Reykjavík en þær ráðstefnur eru alltaf gagnlegar. Að þessu sinni var áherslan að mestu tengd ferðapjónustu og hvernig sveitarfélögin eru að taka á þeim málum.

Í lok mánaðar var auðvitað launavinnsla og enn meiri fjárhagsáætlunarvinna.

### **Félagsheimili**

Í félagsheimilinu var haldið Fjórðungsþing dagana 9. og 10. september og var nokkur undirbúningur og frágangur eftir það en það gekk mjög vel. Nokkrum dögum áður fór Fjölnet og Míla í að bæta nettengingar í húsinu sem ætlaði ekki að ganga sérlega vel. Þegar það var skoðað betur hvers vegna erfiðlega gekk að ná sambandi við ljósnetið kom í ljós að óvenjulangur kílómetri er frá sírstöð í félagsheimilið en skv. landlínu eru um 630 metrar ca. Sagt er að ljósnetið nái kílómetri frá sírstöð en vandamálið hér er að línan fer frá sírstöð, niður í allt höfðahverfið (Víkurtún, Lækjartún og þar) út á Skeiði og síðan í félagsheimilið. Spurning hvort það fari síðan í ljórtamiðstöðina. Þetta er auðvitað gjörsamlega ótækt og þarf að lagfæra.

Framundan í félagsheimili eru æfingar hjá Leikfélaginu sem stefnir á að frumsýna 4. nóvember og einnig hefur húsið verið tekið á leigu vegna verkefnis á svæðinu í nánast 2 vikur. Einnig hefur verið markaður, fundir og móttaka á vegum félags eldri borgara.

---

**Frá félagsmálastjóra – María Játvarðardóttir**

### **September**

Þann 7. ágúst var fundur í Öldungaráði Reykhólahrepps og Dala.

Þann 15. ágúst fór ég í Árneshreppinn og heimsótti nokkra íbúa þar.

Að öðru leyti voru unnin hefðbundin störf í mánuðinum. Starfsmannamál, barnaverndarmál og málefni fatlaðra. Teymisfundir í grunnskóla og viðtöl við nokkra nemendur þar.

---

**Frá tómsfundafulltrúa – Íris Ósk Ingadóttir**

### *Skólaskjól*

Skólaskjól hefur ekki hafið starfsemina sína í vetur og er það vegna þess að það vantar starfsfólk. Foreldrar í 1. og 2. bekk hafa sent formlega athugasemd við að ekki sé starfsemin hafin og mun hún vera tekin fyrir á næsta TÍM-nefndar fundi.

Mín upplifun er sú að það verði alltaf erfitt að ráða fólk í þetta starf þar sem þetta er aðeins 37% starfshlutfall og á tíma sem hentar illa, 14:00-16:00.

Þær lausnir sem mér hefur dottið í hug er að vera með áfanga í dreifnáminu sem snýst um að vinna í Skólaskjólí og skipuleggja starf þar sem skólaverkefni. Önnur lausn er að tvinna þetta starf samna við annað starf sem sveitarfélagið hefur upp á að bjóða t.d. stuðningsfulltrúa í skólastarfi eða starfsmann í Íþróttamiðstöðinni.

Ég hef gegnið í það að framkvæma báðar þessar lausnir en mín upplifun er sú að tómskundafulltrúi þurfi að bíða á meðan annað starf er komið af stað svo hægt sé að ganga í það að finna út úr því að framkvæma þær lausnir sem ég hef komið með. Það er ekki virka þar sem þá er langt gengið inn í veturinn og starfsfólk og skipulag byrjað að rúlla og erfitt að koma öðru að. Tómskundastarf þarf að vera hluti af heildarmynd í skipulagi en á ekki að mæta afgangi.

Það þarf að auglýsa eftir starfsfólk í Skólaskjólí og ráða sem hluti af öðru starfi sem myndar þá 100% starfshlutfall.

Mikil vitundavakning er í landinu um mikilvægi frístundaheimila og fagleika í starfi þess. Fyrsta skref hefur verið tekið í að koma starfi frístundaheimila í lög og vil ég hvetja ykkur að kynna ykkur þau.

<https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=9a903ca7-a458-48d9-aea9-bc8cd5e69f90>

Einnig vil ég hvetja sveitastjórn til að koma að því að móta hvernig form á frístunaheimili við viljum hafa í okkar sveitarfélagi og mynda fastan verkamma í kringum starfsemina. Fyrsta skref af því tel ég að sé að festa í sess hvernig við fáum starfsfólk í Skólaskjólí.

#### *Félagsmiðstöðin Ozon*

Fyrsta opnun í Ozon var 7. september og hefur fyrsti mánuðurinn gegnið ótrúlega vel.

Skipulagsbreyting hafa orðið í starfi Ozon þar sem við breyttum úr fulltrúa lýðræði yfir í beint lýðræði með því að fella niður Ozonráð og byrja með valáfanga sem heitir félagsmálaval. Nemendur í 8.-10. bekk höfðu val um að taka þann valáfanga ef þau höfðu áhuga á félagsmálum og skipulagi Ozon. Hingað til hefur gengið ágætlega en þessi aðferð hefur reynt á tómskundafulltrúa að breyta vinnuaðferðum sínum. Það verður áhugavert að sjá hvernig það gengur í vetur en tilfinning mín er að þessi aðferð sé farsælli.

Starfsdagar Samfés og Landsmót Samfés var sótt af Ozon í september af starfsfólki og völdum unglíngum. Er mikilvægt að Ozon taki þátt í starfi Samfés þar sem þar er vettvangur til að sækja vitneskju og deila henni og efla þar með starf Ozon.

Önnur verkefni sem tómskundafulltrúi hefur sinnt í september var að koma á *foreldrahittingum* aftur eftir sumarið. Mikil ánægja virðist vera með foreldrahittingana en þangað sækja aðallega mæður í fæðingarorlofi. Segja þessar mæður að þetta sé stuðningur þegar kemur að því að brjóta einangrun sem getur myndast í fæðingarorlofinu.

Stuðningur og eftirfylgni með samningum við *frjáls félagasamtök* er hluti af starfi tómskundafulltrúa. Í september byrjaði ég að móta verkferli sem vonandi kemur til með að styðja við það starf. Verkferlið verður klárað að móta og kynnt á næsta TÍM- nefndarfundi.

Fyrsta dag septembermánaðar fór undirrituð í morgunferð með skólabílnum í Tungusveit og Kollafjörð. Veðrið var einstaklega gott og náttúran skartaði sínu fegursta. Í framhaldi af því var leið skólabíls breytt á þann veg að hann ekur nú einnig að Ytri – Ósi.

Foreldrasamtökin Heimili og skóli komu í heimsókn 8. september og héldu kynningu fyrir foreldra í Félagsheimilinu. Þar var kynntur Læsisáttmáli samtakanna og góðu og gagnlegu efni dreift til foreldra og fundarmanna.

Þorgrímur Þráinsson kom 12. september og hélt sérstaklega hvetjandi fyrirlestra fyrir nemendur í 5. -7. bekk – Sterk liðsheild og 8.-10. bekk – Verum ástfangin af lífinu.

Dagana 13. og 14. sept. sóttu sex starfsmenn skólans námskeið í atferlisþjálfun á vegum þroska og greiningarstöðvar og þá reyndi nokkuð á skipulag afleysinga á staðnum. Einnig sóttu tveir starfsmenn námskeið í PECS myndrænu skipulagi. Þá var sameiginlegt skyndihjálparnámskeið með starfsmönnum leikskóla og íþróttamiðstöðvar síðar í mánuðinum.

Samræmd próf í 7. bekk voru 22. og 23. september. Dagana 29. og 30. voru svo samræmdu prófin í 4. bekk og fyrri daginn réð tölvukerfið okkar ekki við álagið en öllu var þó bjargað með því að nemendur tóku prófin á fartölvum kennara. Síðari daginn var brugðist við á sama hátt.

Norræna skólahlaupið fór fram 28. september og um leið hófst verkefnið Göngum í skólann. Hver kyns hreyfing var á dagskránni alla vikuna á eftir og nemendur kepptust við að sigra ýmsar þrautir og sigurvegari hverrar bekkjardeildar fékk viðurkenninguna Kúbeinið.

Læsisráðgjafar Menntamálastofnunar héldu fund 29. september með kennurum grunnskólans og síðar sama daginn með foreldrum.

Reglur fyrir tónskólann voru lagðar fyrir fræðslunefnd og síðar samþykktar af sveitarstjórn.

Framundan er fundur vegna fjárhagsáætlunar, haustþing kennara, forvarnir og fjármálavit, leikhús og íþróttahátíð og margt fleira.

---

## Frá forstöðumanna Íþróttamiðstöðvar – Hrafnhildur Skúladóttir

### September

Undirrituð var í fríi hálfan september og tók Birna Karen dagvaktir í minn stað. Það gekk vel.

- Aukin opnun um helgar vegna smalamennsku. Í september og fyrstu helgina í október var aukin opnun annan eða báða helgardagana svo smalar kæmest í sund og pottana eftir göngur. Þetta var reynt í fyrrahaust og gafst vel svo núna var opið alla smaladagana fram yfir göngur. Gestir voru ánægðir og þakklátir fyrir það.
- Tjaldstæðið var opið allan sept og er enn opið, fer að loka samt. Ferðamannatíminn er alltaf að lengjast og setti ég á fjárhagsáætlun m.a. ljósastaura svo ekki þurfi að athafna sig í myrkri.
- Sundpróf var haldið fyrir sundkennarann og afleysingarstarfsmann Íþróttamiðstöðvar. Það gekk vel og náðu báðir.
- Bilanir voru einhverjar
  - Rafmagnsbilun í töflu kallaði á að skipt yrði um spennugjafa
  - Klórstöð við barnalaug var send í viðgerð en í ljós koma að hún var ekki biluð en klórdælan var hins vegar biluð svo henni verður skipt út. Þess vegna hefur barnalaugin verið lokuð undanfarið.
  - pH nemi í klórstöð við pott eitt varð sömuleiðis ónýtur og var keyptur nýr.

Allt þetta er ósköp eðlilegt viðhald.

- Bor vél íþróttamiðstöðvar er horfin og hefur verið auglýst eftir henni á sölusíðunni. Vonandi ber það árangur. Þetta er dýr vél og mjög slæmt að missa hana.

- Gleðifréttir dagsins eru hins vegar að nú er byrjað að vinna í þakkanti viðbyggingar. Starfsmenn sveitarfélagsins eru byrjaðir að fjarlægja hellur, einangrun og möl af þakinu til að hægt sé að bræða nýjan þakpappa betur yfir og vonandi komast fyrir leka þarna í eitt skiptir fyrir öll. Kristján, sá sem tekur að sér að bræða nýjan pappa er væntanlegur í vikunni og ef allt gengur eftir klárast þetta fyrir helgi.

Pistillinn er í styttra lagi í þetta skiptið vegna fjarveru.